

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Suðurlands Kirkjuferjuháleiga/Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	14.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Sorpstöð Suðurlands	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Austurvegi 56, Selfossi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420481-0719	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Guðmundsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi og fyrirmælum um frágang og vöktun kom fram, en hreinsun á olíu/fitu úr sigvatni er ekki fullnægjandi.

Bent var á að bæta mætti úr varðandi fimm atriði.

UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaður Sorpstöðvar Suðurlands á Kirkjuferjuháleigu er með gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og gildir það til 13. júlí 2025. Heimilt er að urða allt að 30000 tonn af almennum og óvirkum úrgangi á ári. Urðun hefur þó ekki farið fram síðan 1. desember 2009. Þrátt fyrir virkt starfsleyfi þá var fyrirmælum um frágang og vöktun þinglýst hjá sýslumanni þann 1. júní 2015. Ekki er gert ráð fyrir frekari urðun að Kirkjuferjuháleigu.

Dagskrá:

Kröfur í starfsleyfi

1. Umfang starfsemi
2. Lokun urðunarreina og frágangur
3. Söfnun hauggass
4. Niðurstöður mælinga
5. Skýrslur og innsend gögn:
6. Samráðsfundur sbr. grein 1.10
7. Umhverfismarkmið
8. Urðunarstaðurinn – 30.000 tonn af almennum og óvirkum úrgangi á ári
9. Önnur mál – kvartanir og þ.h.

Kröfur í fyrirmælum um frágang og vöktun

10. Frágangur
11. Vöktun

Sest var niður á skrifstofu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga með Bjarna Guðmundssyni sem er tengiliður Umhverfisstofnunar vegna urðunarstaðarins, bæði starfsleyfis og fyrirmæla um frágang og vöktun. Eins og fram kemur að ofan er engin urðun í gangi og hefur ekki verið í langan tíma. Enga að síður skal viðhalda ýmsu sem snýr að rekstri urðunarstaðar. Starfsleyfistryggingu er viðhaldið áfram og er ábyrgðaryfirlýsing stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands enn í gildi. Núllskýrslur fyrir magntölur móttækis úrgangs og útstreymisbókhald hafa borist fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili mun senda inn grænt bókhaldi áfram (núllskýrslu) eins og krafa er um í starfsleyfi.

Búið er að ganga frá og móta yfirborð urðunarstaðarins. Ákveðið hefur verið að hauggasi verði ekki safnað nema urðunarstaðurinn verði aftur tekinn í notkun. Samráðsfundur með fulltrúa heilbrigðisnefndar Suðurlandssvæðis og Umhverfisstofnunar hefur verið haldinn á yfirstandandi ári.

Rekstraraðila var afhentur bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið og farið yfir breytingar sem verða á tíðni eftirlits með tilkomu reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, en þar er kveðið á um að leggja skuli kerfubundið mat á umhverfisáhættu vegna starfsemi urðunarstaða og tíðni eftirlits ákvarðast af áhættunni.

Næsti nágranni við urðunarstaðinn kvartaði á síðasta ári til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna opinna jarðvegsnámu og aðgengi að haga meðfram bökkum Ölfusár neðan urðunarstaðarins. Erindið var sent til Umhverfisstofnunar sem fór í fyrirvaralaust eftirlit á urðunarstaðinn í september á síðasta ári og fór yfir málið með rekstraraðila. Brugðist var við og farið í úrbætur. Úrbætur voru skoðaðar og telst þessu máli lokið. Við skoðun kom þó í ljós að enn á þó eftir að endurnýja girðinu niður við bakka Ölfusár.

Engar kvartanir hafa borist á yfirstandandi ári.

Næst var farið yfir fyrirmæli um frágang og vöktun urðunarstaðarins við Kirkjuferjuháleigu. Efla verkfræðistofa skilar inn árlegum vöktunarskýrslum og skýrslan vegna ársins 2017 barst í júní sl. Skýrslan er unnin vegna kröfu um

upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar Suðurlandssvæðis.

Sigmælingar (hæðarmælingar) á urðunarstaðnum skal framkvæma á árinu en hlé hefur verið á sigmælingum eftir að viðbótarhulu var bætt á urðunarstaðinn árið 2015. Lítið sig hafði verið að mælast áður.

Mælingar á eiginleikum og samsetningu sigvatns frá urðunarstaðnum skal mæla og fylgja mælingaráætlun í fyrimælum um frágang og vöktun. Eins skal mæla hæð og samsetningu grunnvatns, samsetningu yfirborðsvatns og mengunarefni í árseti í Ölfusá. Tryggja skal að sigvatn valdi ekki mengun í ánni. Olía/fita í sigvatni mældist yfir losunarmörkum í starfsleyfi, sjá grein 5.3. Þetta telst frávik frá kröfum starfsleyfis. Öll önnur gildi eru undir losunarmörkum fyrir sigvatn eins og þau eru skilgreind í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Samkvæmt mæliniðurstöðum frá 2017 eru ekki óyggjandi hækkun á mæligildum sem fást úr sýnum teknum úr Ölfusá ofan og neðan útfalls þar sem sigvatn streymir í ánnu. Þó má sjá hækkun í köfnunarefni og mælist ammoníum 0,13 mg/l í ánni ofan útfallsins en 0,94 mg/l neðan útfallsins. Beðið er niðurstaðna frá mælingum yfirstandandi árs í ár til þess að sjá hvort þetta sé viðvarandi. Eins er hækkun á gildum í árseti neðan útfallsins fyrir lífræn halógensambönd og blý. Áfram verður fylgst með þessu.

Farið var í skoðun á urðunarstaðnum við Kirkjuferjuhjáleigu. Hlið var læst en merkingum við hlið að staðnum þarf að breyta þar sem nú eru ekki lengur opnunartímar á urðunarstaðnum. Bæta þarf við viðeigandi merkingum. Yfirlag á urðunarstaðnum er ávalt og leiðir rigningarvatn út til hliðanna nema á einum stað þar sem myndast tjörn ofan á urðunarstaðnum. Bæta þyrfti þar í huluna til þess að ná tilætluðum árangri.

Eins eru nokkrir mælipunktur fyrir sigmælingar sem hafa horfið við verklegar framkvæmdir ofan á haugnum. Ljúka þarf að koma fyrir nýjum mælipunktum.

Hreinsivirki fyrir sigvatn eru neðan við urðunarstaðinn. Viðhalda þarf mannvirkjunum svo þau skili því sem af þeim er ætlast. Tæma olíuskilju reglulega og bæta hreinsun á sigvatninu svo mengandi efni sleppi ekki út í Ölfusá.

Að loknu eftirliti hjá Sorpstöð Suðurlands hélt fulltrúi rekstraraðila samráðsfund með fulltrúa heilbrigðisnefndar Suðurlandssvæðis og fulltrúa Umhverfisstofnunar. Á fundinn mættu Stellu Hrönn Jóhannsdóttur, Gottskálf Friðgeirsson og Bjarni Guðmundsson.

Fleira var ekki gert.

Frávik frá

Lýsing á frávik

ákvæði 5.3 í starfsleyfi um losunarmörk fyrir Niðurstaða mælingar á ollú/fitu í sigvatni fyrir árið 2017 kom út á 17,3 olú/fitu.

Losunarmörk fyrir olú/fitu er 15 mg/l.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila ver bent á að skila inn grænu bókhaldi til samræmis við starfsleyfi þótt búið sé að loka urðunarstaðnum ellegar að sækja um breytingu á starfsleyfi.
2. Endurnýja þarf girðingu við bakka Ölfusár svo húsdýr komist ekki inn á urðunarstaðinn.
3. Rekstraraðila ver bent á að breyta merkingum við inngang að urðunarstaðnum enda eru ekki lengur opnunartímar fyrir urðun á svæðinu.
4. Rekstraraðila var bent á að laga þarf hulu á urðunarstaðnum svo rigningarvatn renni greiðlega út af urðunarstaðnum. Sjá texta í skýrslunni.
5. Ljúka þarf að koma fyrir nýjum mælipunktum fyrir sigmælingar.

ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið var afhentur í eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.01.2019



Gottskálk Friðgeirsson

